



## Lýsing á stigagjöf á verkefnamati vegna kvikmyndagerðar

### Samantekt á kröfum og stigagjöf

Til þess að standast verkefnamat þurfa verkefni að uppfylla tvö skilyrði:

- Að fá að lágmarki helming þeirra stiga sem eru í boði, eða 23 stig af 46 mögulegum.
- Að fá að lágmarki 4 stig úr þeim hluta sem snýr að menningargildi (e. cultural test).

Taflan að neðan sýnir samantekt krafna um stigagjöf:

	Lágmarkskrafa	Stigagjöf
<b>Stig í menningarhluta</b>	Farið er fram á 4 stig	
<b>Heildarstigafjöldi</b>	Farið er fram á 23 stig af 46	

### Skýringar við hvaða atriði eru höfð til hliðsjónar við túlkun einstakra atriða

Hér að aftan fylgir verkefnamatið í heild sinni ásamt lýsingu á hvaða atriði eru höfð til hliðsjónar við stigagjöf.



## Fyrsti hluti – menningarviðmið (e. cultural criteria)

		Stigagjöf
1	<p>Viðmiðun: Söguþráður, viðfangsefni eða meginþema kvikmyndar eða sjónvarpsefnis byggir á atburðum sem eru hluti af íslenskri eða evrópskri menningu, sögu, þjóðararfi eða trúarbrögðum.</p> <p>2 stig möguleg</p>	
	<p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort söguþráður eða efnistöð byggir á tilteknum atburðum sem hafa mótað eða haft áhrif á íslenska/evrópska menningu, þjóðararf eða trúarbrögð.</p> <p>Til þess að hljóta stig fyrir þennan lið þarf verkefni að byggja á tilteknum atburðum sem hafa mótað íslenska/evrópska menningu eða vísa til þjóðararfs og trúarbragða.</p>	
2	<p>Viðmiðun: Framleiðslan byggir á sögupersónu eða einstaklingi úr íslenskum eða evrópskum menningararfi, sögu, samfélagi eða trúarbrögðum.</p> <p>2 stig möguleg</p>	
	<p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort söguþráður eða efnistöð byggir á tiltekinni sögupersónu eða einstaklingi íslenskum/evrópskum menningararfi, sögu, samfélagi eða trúarbrögðum.</p> <p>Fyrir þennan lið eru t.d. ekki veitt stig ef aðalsögupersónur eru skáldsagnapersónur.</p>	
3	<p>Viðmiðun: Söguþráður tengist íslenskum eða evrópskum stað eða staðháttum, umhverfi, eða menningarlegu söguviði.</p> <p>2 stig möguleg</p>	
	<p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort íslenskir/evrópskir staðir eða staðhættir, umhverfi eða menningarlegt söguvið (e. cultural setting) tengist frásögn og söguþræði verkefnisins.</p> <p>Til þess að hljóta stig fyrir þennan lið þarf staður eða staðháttur að vera hluti framvindu eða efnistaka framleiðslunnar með einhverjum hætti.</p>	
4	<p>Viðmiðun: Söguþráður, handrit eða viðfangsefni byggir á bókmenntaverki eða er sótt til annarrar listgreinar (t.d. myndlistar, tónlistar) sem hefur menningarlegt vægi.</p> <p>2 stig möguleg</p>	
	<p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort handrit eða efnistöð byggir á höfundarverki úr annarri listgrein.</p>	
5	<p>Viðmiðun: Söguþráður, handrit eða meginþema beinist að viðfangsefnum líðandi stundar sem hafa vísun til menningar, samfélagsgerðar eða valdakerfis og stjórnmála í íslensku eða evrópsku samfélagi.</p> <p>2 stig möguleg</p>	
	<p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort handrit eða efnistöð beinast að viðfangsefnum sem hafa þýðingu fyrir íslenska/evrópska samfélagsumræðu á sviði menningar, samfélagsgerðar eða valdakerfis og stjórnmála.</p>	
6	<p>Viðmiðun: Framleiðslan endurspeglar mikilvæg íslensk eða evrópsk gildi, t.d. samfélagslega og menningarlega fjölbreytni, samfélagslega samstöðu, mannréttindum, jafnrétti, umburðarlyndi, minnihlutavernd og virðingu fyrir menningu annarra, fjölskyldugildi, umhverfisvernd, virðingu fyrir náttúru og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.</p> <p>2 stig möguleg</p>	



	<p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort handrit eða efnistöð endurspeglar þau gildi sem nefnd eru. Full stigagjöf er veitt ef framleiðslan leggur sérstaka áherslu á að fjalla um þau atriði sem nefnd eru.</p>	
7	<p>Viðmiðun: Verkefnið beinist að íslenskum eða evrópskum siðum, venjum, menningu eða sjálfsmynd.</p> <p>2 stig möguleg</p> <p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort handrit eða efnistöð framleiðslunnar beinast sérstaklega að tilteknum íslenskum/evrópskum siðum, venjum eða sjálfsmynd.</p>	
8	<p>Viðmiðun: Söguþráður, handrit eða viðfangsefni vísar til atburða í samtíma eða sögu sem hafa þýðingu fyrir íslenskt eða evrópskt samfélag.</p> <p>2 stig möguleg</p> <p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort handrit eða efnistöð framleiðslunnar beinast sérstaklega að tilteknum atburðum sem hafa áhrif á íslenskt/evrópskt samfélag.</p>	
<b>Samtals stig fyrir menningarviðmið</b>		<b>8 stig möguleg</b>



## Annar hluti – framleiðsluviðmið (e. production criteria)

		Stigagjöf
9	<p>Viðmiðun: Framleiðslan leggur til þróunar þeirrar tegundar kvikmyndalistar sem hún tilheyrir.</p> <p style="text-align: right;">3 stig möguleg</p> <p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort framleiðslan sé til þess fallin að leggja eitthvað af mörkum til þróunar á þeirri syllu kvikmyndalistar sem hún tilheyrir. Til þess að fá stig á þennan mælikvarða þarf að sýna fram á að verkefnið sé listrænt krefjandi og metnaðarfullt á tilteknu sviði.</p>	
10	<p>Viðmiðun: Framleiðslan eykur færni og getu þeirra kvikmyndagerðarmanna sem koma að verkinu til að standa að verkum sem hafa menningarlegt gildi.</p> <p style="text-align: right;">4 stig möguleg</p> <p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því hvort framleiðslan geti aukið færni og þekkingu þeirra sem að henni standa og eftir þannig kvikmyndageirann til að standa betur að framleiðslu verkefna sem hafa menningarlegt gildi. Til þess að fá stig fyrir þennan lið þarf að færa rök fyrir að sú þekking sem myndist við framleiðsluna hafi gildi fyrir uppbyggingu þekkingar innan kvikmyndageirans.</p>	
11	<p>Viðmiðun: Þeir sem vinna við framleiðsluna eru íslenskir ríkisborgarar eða EES ríkis.</p> <p style="text-align: right;">½ stig fyrir hvern lið að neðan , að hámarki 3 stig</p> <p>Leikstjóri - Framleiðandi (meðframleiðandi) - Stjórnandi kvikmyndatöku (DOP) - Aðstoðarstjórnandi kvikmyndatöku – Handritshöfundur – Aðalleikari - Leikari í aukahlutverki - Höfundur tónlistar – Leikmyndahönnuður – Búningahönnun – Klippari – Förðunarfræðingur - Yfirmaður framleiðslu-Umsjónarmaður eftirvinnslu eða stafrænnar vinnslu</p> <p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af ríkisfangi helstu aðila sem koma að verkefninu, í samræmi við upptalninguna að ofan. Fyrir heimildarmyndir eða „animation“ er heimilt að aðlaga stigagjöf til að endurspeglar ólíka gerð verkefna. Þannig má gefa stig fyrir framsögumann í stað aðalleikara í tilviki heimildarmyndar. Í tilviki stafrænnar framleiðslu má gefa stig fyrir þann sem les rödd persóna í stað leikara og „animeringu“ í stað kvikmyndatöku.</p>	
12	<p>Viðmiðun: Endanleg útgáfa framleiðslu er á þjóðtungu EES ríkis. 1 stig er veitt fyrir 10% af tungumáli framleiðslunnar, 2 stig fyrir 25%, 3 stig fyrir 50% og 4 stig fyrir 75%.</p> <p style="text-align: right;">4 stig möguleg</p> <p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af því tungumáli sem endanleg útgáfa framleiðslunnar er á.</p>	
13	<p>Viðmiðun: Að lágmarki 51% tókuliðs (að frátöldum þeim sem nefndir eru í lið 10) eru ríkisborgarar EES ríkja.</p> <p style="text-align: right;">4 stig möguleg</p> <p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af ríkisfangi þeirra sem koma að framleiðslunni. Tekið er mið af upplýsingum sem liggja fyrir í umsókn um vilyrði.</p>	
14	<p>Viðmiðun: Kvikmyndatökur fara fram á Íslandi.</p> <p style="text-align: right;">4 stig möguleg</p> <p>Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af tveimur þáttum. Annars vegar að umfangi tókudaga á Íslandi og hins vegar hvort verkefnið sé til þess fallið að stuðla að uppbyggingu aukinnar þekkingar og reynslu innan kvikmyndageirans vegna verkefnisins. Við mat á þessum lið er litið til eiginlegrar kvikmyndatöku eða framleiðslu verkefnis (þ.e. ekki undirbúnings eða eftirvinnslu). Að því leyti sem eigin framleiðsla getur falist í rafrænni vinnslu er heimilt að veita stig fyrir þann starfsþátt í þessum lið til viðbótar við beinar kvikmyndatökur. Full stig eru veitt fyrir stór og krefjandi verkefni.</p>	



15	Viðmiðun: Framleiðslan notast við íslenska þjónustuaðila við tökur á Íslandi. 4 stig möguleg	
	Rökstuðningur: Við mat á stigagjöf vegna þjónustukaupa skal gæta að því að tvítelja ekki stig vegna þjónustukaupa sem tengjast tökudögum sem stig hafa þegar verið veitt fyrir í lið nr. 14 eða 16. Stigagjöf í þessum lið vísar því frekar til þjónustukaupa við undirbúning á tókum (e. pre-production) eða þátta sem ekki hefur þegar verið veitt stig fyrir. Þegar vísað er til innlendra aðila er átt við þjónustukaupa af innlendum lögaðilum. Við mat á þessum lið er litið til umfangs þjónustukaupa og að hve miklu leyti þau þjónustukaup byggja upp þekkingu innan geirans í krefjandi starfsemi.	
16	Viðmiðun: Eftirvinnsla (þar með eftirvinnsla hljóðs og tölvugrafík, stafræn vinnsla, hljóðvinnsla o.fl.) fer fram á Íslandi eða í EES ríki. 4 stig möguleg	
	Rökstuðningur: Stigagjöf fyrir þetta skilyrði tekur mið af tveimur þáttum. Annars vegar að umfangi eftirvinnslu á Íslandi eða á EES svæðinu og hins vegar hvort verkefnið sé til þess fallið að stuðla að uppbyggingu aukinnar þekkingar og reynslu innan kvikmyndageirans.	
<b>Samtals stig fyrir framleiðsluviðmið</b>		<b>30 stig möguleg.</b>

Stig fyrir liði 14 - 16 eru veitt á grundvelli þess að hve miklu leyti framleiðslan uppfyllir hvert skilyrði. Nefndin metur að hve miklu leyti kvikmyndatökur, þjónustukaup og eftirvinnsla fer fram á Íslandi og hvort hún sé til þess fallin að stuðla að aukinni þekkingu og reynslu innan kvikmyndageirans.